

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1985

27. mars 1985

293

Nr. 162

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness

1. gr.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennur taxti

Orkugjald	4,40 kr/kwh
Fastagjald	1 300,00 kr/ár

B. Aftaxti

Orkugjald	1,10 kr/kwh	Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.
Aflgjald	5 620,00 kr/kw/ár	Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls.
Fastagjald	9 900,00 kr/ár	Lágmarksafl 30 kw.

C. Húshitunartaxtar

C.1 Orkugjald	2,53 kr/kwh	Án rofs
C.2 Orkugjald	1,21 kr/kwh	Rof allt að 4 h/d
C.3 Orkugjald	0,66 kr/kwh	Rof allt að 12 h/d
Fastagjald	3 300,00 kr/ár	Fyrir taxa C1, C2 og C3.

2. gr.

TENGIGJÖLD

Gjaldskrár- liður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.
T 1	63A	1-fasa	19 400,00
T 2	63A	3-fasa	26 200,00
T 3	100A	—	41 500,00
T 4	200A	—	83 000,00
T 5	315A	—	131 000,00
T 6	400A	—	166 000,00
T 7	630A	—	261 000,00
T 8	710A	—	295 000,00
T 9	1200A	—	498 000,00

Önnur ákvæði:

a) Um heimtaugar:

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umfram metra greiðist sem svarar $\frac{1}{40}$ hluta tengigjalds.

Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) **Um spennistöðvar:**

Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) **Um bráðabirgðaheimtaugar:**

Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) **Um spennubreytingu:**

Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innan húss, sem af þessu kann að leiða.

e) **Almennt um heimtaugar:**

Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.

Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.

ÝMIS ÁKVÆÐI

1. **Sérákvæði um rafmagnssölu.**

1.1. **Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

Fastagjald 2 200,00 kr/a

Orkugjald 6,70 kr/kwh

1.2. **Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útilýsingar.**

Aflgjald 7 900,00 kr/kw/a, miðað við uppsett afl

Viðhaldsgjald 8 600,00 kr/kw/a, miðað við uppsett afl

Gjald samtals 16 500,00 kr/kw/a

1.3. **Önnur sérákvæði.**

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.

2. **Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**

2.1. **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**

að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,

að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,

að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,

að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.

2.2. **Um fassvikstuðul hjá notanda.**

Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðullinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

2.3. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 700,00 fyrir enduropnun.

2.4. Um dráttarvexti.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. Um sölugjöld.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16%, samkvæmt lögum, er innfalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. Breytingar á gjaldskrá.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 53 29. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 27. mars 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.